



Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogsbæjar
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 24. maí 2023
23051341/503.01 ÁH

Efni: Tilkynning um framkvæmdir við Dalsmára. Leiksvæði og hjólabrettaaðstaða

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2023 var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs við seinni umræðu 22.nóvember sl. í áætluninni er ráð fyrir framkvæmdum við leiksvæði ásamt aðstöðu til hjólabrettaiðkunar. Í ljósi þess er málið nú til vinnslu hjá framkvæmdadeild umhverfissviðs sem fer með eignfærða fjárfestingu sveitarfélagsins.

Áður en undirritaður leitar framkvæmdaleyfis skipulagsfulltrúa með fyrirbyggjandi gögnum er fagnefndum gefin kostur á að gera athugasemd við fyrirkomulag framkvæmda eins og þeim er lýst á meðfylgjandi gögnum. Geri nefndirnar ekki athugasemdir eða þær kalli ekki á umfangsmiklar breytingar er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist sumarið 2023 og klárast á árinu 2024.

Framkvæmdalýsing:

Meðfylgjandi er afstöðumynd, dags. 24.11.022 hnitsett í mælikvarða 1:400 sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd og afstöðu hennar gagnvart aðliggjandi byggð og að landi, þ.e. sýnir mannvirki sem fyrir eru á svæðinu. Að auki fylgja burðarþolsteikningar af niðurgreifinni hjólabrettaskál í mælikvarða 1:100 dagsett 15.6.2020

Eftirfarandi var bókað á 157. fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 18.10.2022

„Lagðar fram tillögur að nýjum staðsetningum á hjólabrettaskál í Kópavogi. Umhverfis- og samgöngunefnd leggur áherslu á að vinnu við að finna staðsetningu hjólabrettaskálar sé hraðað og að unnið verði áfram þar sem mögulegar staðsetningar skálarinnar austan við Kórinn og/eða við Smárahvammsvöll verði teknar til frekari skoðunar þar sem aðstæður eru skoðaðar nánar.“

Fundargerð nr. 157 var tekin fyrir á 3103. fundi bæjarráðs þann 20. október 2022 án athugasemda. Fundargerð 3103. bæjarráðs var tekin fyrir á 1265. fundi bæjarstjórnar þann 20. október 2022 án athugasemda.

Í framhaldi af 157. fundi umhverfis- og samgöngunefndar var málið tekið fyrir á 124. fundi Íþróttaráði Kópavogsbæjar þann 27.10.2022 og var eftirfarandi bókað:

„Á fundinn mætti Birkir Rútsson, deildarstjóri Gatnadeildar og kynnti tillögur að nýrri staðsetningu fyrir hjólabrettaskál í Kópavogi. Íþróttaráð þakkar góða kynningu.“

Fundargerð 124 var tekin fyrir á 3106. fundi bæjarráðs þann 10. nóvember 2022 án athugasemda. Fundargerð 3106. fundar bæjarráðs var tekin fyrir á 1267. fundi bæjarstjórnar þann 22. nóvember 2022 án athugasemda.

f.h. framkvæmdadeildar Kópavogsbæjar

Ármann Halldórsson

Ármann Halldórsson Deildarstjóri framkvæmdadeildar